

Reykjavík, 8. janúar 2003

Kauptilboð í hlutafé Frumherja hf.

Íslandsbanki hf. keypti í desember sl., f.h. Sikils ehf., einkahlutafélags í eigu Óskars Eyjólfssonar, framkvæmdastjóra Frumherja hf., hlutafé í Frumherja hf. að nafnverði kr. 52.291.232 eða sem nemur 64,13% af hlutafé félagsins. Þann 3. janúar sl. keypti bankinn f.h. sama félags hlutafé í Frumherja að nafnverði kr. 8.584.624, eða sem nemur 10,51% af hlutafé félagsins. Gengi hlutafjárins í ofangreindum viðskiptunum var það sama, kr. 9,01 fyrir hverja krónu nafnverðs í Frumherja. Fyrir ofangreind kaup átti Óskar Eyjólfsson kr. 5.956.889 að nafnverði í Frumherja, eða sem nam 7,29%, en á nú beint og í gegnum einkahlutafélag sitt kr. 66.832.745 eða sem nemur 81,8% af hlutafé félagsins.

Íslandsbanki hf., f.h. Sikils ehf., gerir hér með öllum hluthöfum í Frumherja hf. tilboð um kaup á hlut þeirra í félaginu á sömu kjörum og ofangreind kaup, eða 9,01 kr. fyrir hverja 1 kr. nafnverðs í Frumherja.

Verðið samsvarar hæsta gengi sem tilboðsgjafi hefur greitt fyrir hlutabréf í félaginu síðustu sex mánuði. Til að samþykkja tilboðið, þurfa hluthafar í Frumherja að fylla út meðfylgjandi eyðublaði. Með undirritun hluthafa á eyðublaðið, kemst á bindandi samningur milli Íslandsbanka, f.h. Sikils ehf. og viðkomandi hluthafa. **Samþykki tilboðsins ásamt hlutabréfum í Frumherja skal skilað inn til Íslandsbanka hf., Fyrirtækjasviðs, 3. hæð, Kirkjusandi, 155 Reykjavík, fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 22. janúar 2003.** Kaupverð verður greitt eigi síðar en föstudaginn 24. janúar 2003, að því gefnu að undirrituðu og vottuðu samþykki tilboðs hafi verið skilað inn ásamt hlutabréfum í Frumherja hf. og að upplýsingar þær sem fram koma séu réttar og fullnægjandi og hlutabréfin séu árituð um framsal.

Gert er ráð fyrir að starfsemi Frumherja hf. verði óbreytt frá því sem verið hefur og engar breytingar eru fyrirhugaðar á næstunni á samþykktum félagsins. Félagið er skráð á Tilboðsmarkað Kauphallar Íslands, en á næstunni mun verða óskað eftir afskráningu félagsins af markaðnum.

Athygli hluthafa er vakin á því að í 24. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 kemur fram að ef hluthafi á meira en 90% hlutafjár í félagi getur hann krafist þess að aðrir hluthafar í félaginu sæti innlausnar á hlutum sínum.

Nánari upplýsingar veita Sólveig Ágústsdóttir í síma 440-4535, netfang solveig.agustsdottir@isb.is og Anna Eiríksdóttir í síma 440-4503, netfang anna.eiriksdottir@isb.is.

f.h. Íslandsbanka hf.



Guðmundur Þórðarson



Örn Gunnarsson

SAMÞYKKI TILBOÐS

Ég, undirrituð/aður hluthafi í Frumherja hf.

Nafn: _____

Kennitala: _____

Heimilisfang: _____

Sveitarfélag: _____

Símanúmer: _____

samþykki hér með tilboð Íslandsbanka hf., f.h. Sikils ehf. dagsett 8. janúar 2003 um að selja félaginu hlutabréf mín, að neðangreindu nafnverði á genginu 9,01.

<p>Kr. _____ x 9,01 = kr. _____ Nafnverð hlutafjár í Frumherja Kaupverð</p>

Ég, undirrituð/aður, lýsi því yfir að ég hef kynnt mér og sætti mig að fullu við tilboð Íslandsbanka hf., f.h. Sikils ehf. Jafnframt geri ég mér grein fyrir að með undirritun minni kemst á bindandi kaupsamningur milli mín og Íslandsbanka hf., f.h. Sikils ehf.

Ég, undirrituð/aður, veiti hér með Íslandsbanka hf., kt. 550500-3530, fulla heimild til að annast um viðskipti þessi í samræmi við samþykki mitt á tilboðinu.

Kaupverð hlutanna skal lagt inn á reikning minn:

nr. _____ - _____ - _____ hjá _____
Reikningsstofnun

Dagsetning

Undirskrift og kennitala hluthafa

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu og fjárræði hluthafa:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

Samþykki tilboðs verður að hafa borist undirritað og vottað fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 22. janúar 2003 til Íslandsbanka hf., Kirkjusandi, 3. hæð, 155 Reykjavík.